

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986 með áorðnum breytingum.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Sá viðtækjaeigandi sem einungis getur nýtt sér hljóðvarpssendingar skal greiða 30% útvarpsgjalds. Eigandi sem breytir afnotum sínum skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

2. gr.

1. mgr. 19. gr. orðist svo:

Gjalddagar útvarpsgjalds skulu vera tveir eða fleiri á ári samkvæmt nánari ákvörðun Ríkisútvarpsins. Gjalddagi útvarpsgjalds er 1. dag hvers mánaðar en eindagi þess er 15 dögum eftir gjalddaga. Nú ber gjalddaga eða eindaga útvarpsgjalds á löghelgan dag eða dag, þegar greiðslustofnanir eru almennt lokaðar, og telst hann þá vera næsta virkan dag á eftir.

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1989.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um námskeiðs- og prófgjald fyrir dómtúlka og skjalþýðendur.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalþýðendur nr. 26/1989 eru gjöld vegna námskeiðs og prófs 1989 ákveðin þessi:

Námskeiðsgjald kr. 5 000,00

Prófgjald kr. 20 000,00

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.